

Ár 2021, 26. október, er dómping Dómstóls ÍSÍ háð að Austurvegi 3 Selfossi, af Ólafi Björnssyni dómara.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 5/2021:

<b>Kærandi :</b>	Björn Guðmundsson
Kennitala:	250872-5349
Heimilisfang:	Asparlundur 19, 210 Garðabæ
Símanúmer:	820-6530
<b>Kærði:</b>	Hjólreiðasamband Íslands
Kennitala:	440505-1470
Heimilisfang:	Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Gögn málsins nr. 1 til 5 liggja frammi. Málið er skriflega flutt.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

## DÓMUR

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 12. júlí 2021.

**Kærandi er Björn Guðmundsson kt 250872-5349, Asparlundi 19, 210 Garðabæ.**

**Kærði er Hjólreiðasamband Íslands kt. 440505-1470,  
Engjavegi 6, 104 Reykjavík**

Káran í málínu byggist á því að kærandi telur á sér brotið af hálfu kærða, þar sem hann hafi ranglega verið færður í neðsta sæti í hjólreiðakeppni á vegum kærða, er fram fór í Hafnarfirði þann 6. júlí sl. af yfirdómara keppninnar, á þem forsendum að kærandi hafi hindrað annan keppanda í endaspætti.

Málið þetta var þingfest miðvikudaginn 11. ágúst sl. og voru málsaðilar sammála um að málsmeðferð yrði skrifleg. Kærða var gefinn frestur til 22. ágúst sl. til að skila inn greinargerð. Kærandi skilaði inn athugasemdum sínum við greinargerð kærða þann 23. ágúst 2021 og voru kærða sendar athugasemdirnar og gefinn kostur á andsvörum til 31.ágúst sl. Engar frekari athugasemdir bárust frá aðilum og var málið dómtekið þann 5. október 2021.

## I. Dómkröfur

**Kærandi** gerir aðallega þá kröfu að dómur yfirdómara á vegum Hjólreiðasambands Íslands (HRÍ), þess efnis að dæma kæranda niður í síðasta sæti á 5. Criterum stigamóti HR, verði felldur úr gildi.

**Kærði** krefst sýknu af öllum kröfum kæranda.

## II. Málsatvik og málatilbúnaður kæranda

**Málavextir:**

Mótið fór fram á bílastæðinu við Fjarðarkaup í Hafnarfirði þriðjudaginn 6. júlí 2021. Atvikið átti sér stað í endaspretti keppninnar, 5. Criterum stigamóti HR, í mastersflokk 40-49 ára — merkt með bláum hring efst í vinstra horninu á myndinni hér að neðan að endamarki, merkt F.



Kærandi segir hann hafi tekið fram úr keppnda sem kom annar í mark við upphaf síðasta hrings (bjölluhrings) og ekki séð viðkomandi keppnda ekki aftur fyrr en þeir koma í mark. Beini kaflinn eftir síðustu beygjuna er ca. 65 metrar að endalínu. Þegar hann hafi komið út úr síðustu beygjunni og endaspretturinn er u.þ.b. hálfnaður, hafi hann litið til beggja hliða og var hinn keppandann þá hvergi að sjá.

Eftir að keppendur koma í mark lagði keppandinn sem kom annar í mark fram kæru til yfirdómara keppninnar þess efnis að kærandi hafi hindrað hann í endaspretti. Yfirdómari skoðaði m.a. myndband af atviku og kvað svo upp þann úrskurð að kærandi skuli dæmdur niður í síðasta sæti í sínum flokki, og að sá sem koma annar í mark skuli úrskurðaður sigurvegarí.

Eftir keppnina, kvöldið 6. júlí sl., sendi kærandi tölvupóst til stjórnar kærða (HRÍ) þar sem hann áfrýjaði dómnum á þeim forsendum að myndbandið sýndi ekki fram á að brot hefði átt sér stað. Tveimur dögum síðar barst svar frá kærða þess efnis að áfrýjuninni væri vísað frá án nokkurra skoðunar. Eftir þessi samskipti fékk kærandi svo þær upplýsingar nokkrum dögum síðar frá öðrum dómara að ekki væri hægt að áfrýja dóumum til kærða, eingöngu dómstóls ÍSÍ.

**Lagarök kæranda:** Kærandi segir að kærði hafi upplýst sig um að lagarökin að baki dómnunum byggi á grein 4.2.6 í keppnisreglum kærða; 4.2.6 en þar segi: *að á síðustu 100 metrunum í endaspretti skal keppandi undantekningarlaust halda beinni línu og hafa a.m.k. aðra hönd á stýri. Við brot þessari reglu skal dæma keppandann í síðasta sæti í þeim hópi sem hann var í. Hafi hegðunin ekki haft nein áhrif á úrslit sprettsins er dómara heimilt að láta áminningu nægja.*

Kærandi byggir á því að þeir sem lagt hafi stund á keppnishjólreiðar viti að það getur verið mjög erfitt að halda beinni línu í mjög stuttum sprettum þar sem átok eru mjög mikil og hjólið gengur til og frá. Þetta er væntanlega ástæðan fyrir því að greinin kveður á um að beinni línu sé haldið síðustu 100 metrana þar sem auðveldara verður að halda línumni eftir að hraða er náð upp. Eins og fram hefur komið náði umræddur endasprettur ekki 100 metrum heldur var hann u.p.b. 65 metrar. Það er því álitamál hvort þessi hluti greinarinnar eigi við i þessu tilviki.

Síðasta setning greinarinnar kveður á um að hafi hegðunin ekki haft áhrif á úrslit skuli dómara heimilt að láta áminningu duga. Kærandi vísar til þess að til að keppandi teljist brotlegur hlýtur að þurfa að leggja fram sönnun bess efnis að hliðrun línumnar hafi haft áhrif á úrslit keppninnar. Dómarar skoðuðu myndband af atburðinum, og taldi brot sannað, en kærandi fullyrðir, eftir að hafa séð myndbandið, að það sýni ekki fram á að hliðrunin hafi haft nokkur áhrif á úrslit keppninnar.

**Nánari röksemdir kæranda:** Að mati kærandi er grunnforsenda þess að dæma hann niður í síðasta sæti keppninnar sú að hann hafi í raun hindrað keppinaut i endaspretti. Til að svo hefði mátt vera hefði keppinaturinn þurft að vera kominn með framhjólið öðru hvor megin við afturhjól kæranda mjög snemma í endasprettinum, að mati kæranda. Kærandi sá hins vegar aldrei hjól keppinaturins og telur fullvist að hann hafi verið fyrir aftan kæranda allan tímann, enda leit hann til beggja hliða begar um 30 metrar voru eftir að endamarkinu.

Hraðinn á þessum kafla hjá kæranda var 43,7 km/klst samkvæmt gps mælingu og því ljóst, að mati kæranda, að keppandinn fyrir aftan var aldrei að fara að ná honum þegar svo stutt var eftir og lína hans í brautinni hliðrast. Eftir að hafa séð myndbandið á móttstað var það mat kæranda að hliðrunin hafi numið 30-40 cm. og að nóg pláss hafi verið til að taka fram úr báðum megin við hann.

Eftir að niðurstaða dómara lá fyrir fékk kærandi að sjá myndbandið. Það sem fyrst vakti athygli kæranda var að myndbandið var tekið með svo mikilli víðlinsu að varla var hægt að greina keppendur á myndbandinu, hvað þá afstöðu þeirra til hvors annars. Afstaða keppanda í endasprettinum er það sem sker úr um hvort hliðrunin hafi haft áhrif á úrslit keppninnar.

Að sögn kæranda þá er í keppnum á vegum Alþjóða hjólreiðasambandsins er notast við myndavélar úr lofti til að skera úr um atvik sem þessi, ekki myndbönd sem eru tekin framan á keppendur. Það er mat kæranda að sönnunargagnið í málinu, myndbandið, sýni ekki fram á að neitt brot hafi átt sér stað og að dómurinn hafi fyrst og fremst byggt á orðum þess sem kærði, frekar en nokkrum sönnunargögnum. Einnig telur kærandi, í ljósi þess sem hér hefur verið rakið, að dómurinn hafi verið allt of þungur, og að sigurvegari keppninnar hafi ekki fengið að njóta vafans og að meðalhófs hafi ekki verið gætt í dómnunum.

**Sönnunargögn:** Myndband sem kærði tók af atburðinum liggur frammi í málinu.

**Vitni:** Að sögn kæranda voru mjög fáir á hliðarlínunni þegar atvikið átti sér stað. Mótstjóri, Gunnlaugur Sigurðsson, hefur væntanlega séð atvikið en þar sem hann er varamaður í stjórn hins kærða þá telst hann vanhæfur að mati kæranda. Seinna fékk kærandi vitnisburð Björvins Pálssonar af atburðinum, og liggur hann frammi í máli þessu.

**Málsatvikalýsing og málatilbúnaður kærða:** Kærði skilaði greinargerð í málinu þann 22. ágúst sl. og krafðist sýknu af kröfum kæranda.

Vísað var m.a. til þess að stjórn kærða hlutist ekki til um störf einstakra dómara eða endurskoði einstaka dóma í mótum á vegum kærða. Kærði treysti þeim dómurum sem dæma í keppnum á vegum þess, enda hafa þeir setið námskeið og fengið þjálfun til starfsins.

Kærði kveður málavexti vera þá að í master 40-49 ára flokki, í umræddu móti, hafi Diðrik dómari dæmt brot á kæranda vegna brots á reglu 4.2.6 í reglum kærða, þar sem kærandi hafi haldið keppandanum Bjarna Má Gylfasyni fyrir aftan sig, með því að sveigja fyrir hann. Dómari hafi síðan rætt þetta við keppnisstjóra auk þess sem hann ráðfærði sig við Hjalta G. Hjartarson yfirdómara og var niðurstaðan sú að dæma kæranda í síðasta sæti.

Vídeoíð var lagt fram til dómara máls þessa á neðangreindum hlekk:

<https://1drv.ms/v/s!AupkHCrkD61WvFR5gTg6JSkdv3mC>

Í greinargerð kærða er haft eftir Hjalta G. Hjartarsyni yfirmanni dómaramála HRÍ að reglur kærða um endaspretti séu eftirfarandi: *4.2.6 Á síðustu 100 metrunum í endaspretti skal keppandi undantekningarálaust halda beinni línu og hafa a.m.k. aðra hönd á stýri. Við brot á þessari reglu skal dæma keppandann í síðasta sæti í þeim hópi sem hann var í. Hafi hegðunin ekki haft nein áhrif á úrslit sprettsins er dómara heimilt uð láta áminningu nægja.*

Hjalti telur að myndband Diðriks dómara sýni það mjög skýrt að kærandi heldur ekki beinni línu í umræddum endaspretti. Dómari metur það þannig að þetta athæfi geri öðrum erfiðara fyrir. Hann fær staðfestingu frá Hjalta og Erlendi dómara um þetta. Yfirdómari keppninar var Diðrik, og hann er sá sem tók myndbandið. Hjalti kveður myndbönd sem dómari tekur í keppnum séu ákveðin gagnaöflun fyrir dómara til þess að hjálpa við dómgæslu, en engin krafa er á dómara um að sýna keppendum þessi myndbönd, enda flækir svoleiðis sýning dómgæslu til muna. Hjalti segir að dómari þurfi ekki sérstök sönnunargögn til þess að taka ákvörðun í svona málum í keppni, ef dómari sér atvikið er nóg fyrir hann að taka ákvörðun og standa við hana. Myndbandið í þetta skipti sýnir hinsvegar að kærandi heldur ekki línu á síðustu 100 metrum í kepnnini. Sem yfirmaður dómaramála kærða þá standi hann við ákvörðun dómara í þessari keppni.

**Andsvör kæranda:** Andsvör við greinargerð kærða vegna umþrætts dóms í 5. criterium stigamóti HRÍ, bárust dómnunum frá kæranda 23. águst 2021.

Kærandi bendir á að dómari kepninnar hafi ekki gert athugasemdir við endasprettinn fyrr en kvörtun barst frá Bjarna Má Gylfasoni. Við skoðun á myndbandinu megi sjá tvo keppendur koma út úr mjög krappri beygju þannig að báðir eru vinstra megin í brautinni þegar endaspretturinn hefst.

Kærandi kveður Diðrik dómara halda því ranglega fram að kærandi hafi sveigt fyrir Bjarna, en kærandi telur að ef myndbandið er skoðað megi greinilega sjá eina sveigu til vinstri, frá Bjarna Má en ekki fyrir hann, og síðan beina línu sem hliðrast aðeins til hægri yfir endalínuna (séð frá þeim sem tók myndbandið). Þó myndbandið sé tekið úr allt of mikilli fjarlægð til að greina afstöðu keppenda, svo vel sé, má samt sjá að Bjarni Már er fyrir aftan kæranda allan tímann og vitni getur staðfest að hann var aldrei líklegur til að ná Birni.

Kærandi bendir á að Hjalti G. Hjartarsson yfirdómari vitni í reglur hjólreiðasambandsins um endaspretti, grein 4.2.6. Þessi grein fjallar um endaspretti sem eru 100 metrar eða lengri og á hún því ekki við í þessu tilfelli að mati kæranda. Endaspretturinn sem um ræðir er ca. 60 metrar og hefst á frekar litlum hraða svo átökin við upphaf hans eru mjög mikil á hjólið. Við slíkar aðstæður getur reynst ómögulegt að halda beinni línu, það vita allir hjólreiðamenn sem hafa keppt í íþróttinni að sögn kæranda. Auk þess hefst endaspretturinn í jaðri brautarinnar þegar keppendurnir koma út úr síðustu beygjunni og samkvæmt 100 metra reglunni hefðu keppendurnir þá ekki mótt hjóla inn á miðja brautina aftur. Miðað við þau rök hefðu allir keppendurnir átt að verða dæmdir niður í síðasta sætið.

Þá bendir kærandi á að fram komi í grein 4.2.6: “**Hafi hegðunin ekki haft nein áhrif á úrslit sprettsins er dómara heimilt að láta áminningu nægja**“. Myndbandið sýni að Bjarni Már Gylfason var fyrir aftan kæranda allan tímann og vitni geti staðfest að hann átta aldrei möguleika á að taka fram úr. Kærandi telur að dómarrinn hafa hér farið fram úr sér, og gripið til mjög íþyngjandi úrræðis, mögulega vegna vanþekkingar á reglunum, að mati kæranda.

Kærða var gefið tækifæri á að koma með andsvör við þessum ummælum kæranda, en þau bárust ekki.

### III. Vitnaleiðslur.

Fyrir dóminn hefur verið lögð fram yfirlýsing Björgvins Pálssonar frá 5. Október 2021 í máli nr. 5/2021.

Þar segir: “Ég var viðstaddur keppnina sem fram fór 12. Júlí sl. og var að taka myndir, miðað við myndatökuna og það sem ég sá fannst mér ekki að sá sem var fyrir aftan væri ekki að fara taka fram úr fremsta manni í lokin á þessum stutta kafla sem var eftir, eins og myndtakan sýnir.”

### IV. Forsendur og niðurstöður.

Í málinu er deilt um þá ákvörðun dómara hjólreiðakeppninnar að dæma kæranda niður í síðasta sæti á 5. Criterum stigamóti HRÍ í Hafnarfirði þann 6. júlí sl.

Að mati kærandi væru einu rökin til þess að dæma hann niður í síðasta sæti í keppninni sú að hann hafi í raun hindrað keppinaut í endaspretti. Til að svo hefði mótt vera hefði keppinaturinn þurft að vera kominn með framhjólið öðru hvor megin við afturhjól kæranda mjög snemma í endasprettinum. Kærandi sá hins

vegar aldrei hjól keppinutarins og telur fullvist að hann hafi verið fyrir aftan kæranda allan tímann, enda leit hann til beggja hliða begar um 30 metrar voru eftir að endamarkinu. Hraðinn á þessum kafla hjá kæranda hafi verið 43,7 km/klst samkvæmt gps mælingu og því ljóst að keppandi fyrir aftan var aldrei að fara að ná kæranda þegar svo stutt var eftir og lína hans í brautinni hliðrast. Eftir að hafa séð myndband af atvikinu á móttstað er það mat kæranda að hliðrunin hafi numið 30-40 cm. og að nóg pláss hafi verið til að taka fram úr báðum megin við hann. Því hafi ekki verið forsendur til að dæma brot á hann, og vísar kærandi einnig til vitnisburðar Björgvins Pálssonar um þetta, sem rakinn er hér að framan.

Kærði vísar í máli sínu sérstaklega til þess að stjórn kærða hlutist ekki til um einstök störf dómara eða hafi vald til fella úr gildi einstaka dóma í mónum á vegum kærða. Kærði treysti fullkomlega þeim dómurum sem dæma í mónum á vegum þess, enda hafa þeir setið námskeið og fengið þjálfun og réttindi til starfsins.

Kærði bendir á að í umræddri keppni, í flokki master 40-49 ára, í mótinu í Hafnarfirði 6 júlí sl, hafi dómari keppninnar dæmt brot á kæranda vegna brots á reglu 4.2.6, þar sem sannað þótti, m.a. eftir skoðun atviksins á myndbandi, að kærandi hafi haldið keppinaut sínum fyrir aftan sig með því að sveigja fyrir hann. Segir í greinargerð kærða að dómari keppninnar hafi rætt þetta atvik við keppnisstjóra auk þess sem hann ráðfærði sig við yfirdómara keppninnar, og var niðurstaðan sú að dæma kæranda í síðasta sæti.

Ekki verður séð það eigi undir kærða, Hjólreiðasamband Íslands, að hlutast til um störf einstakra dómara í móum á vegum félagsins, enda séu þeir löglega skipaðir dómrarar, óhlutdrægir og hæfir til starfsins. Ekkert er fram komið annað en dómrarar þeir sem komu að hinni kærðu ákvörðun hafi verið lögmætir og hæfir dómrarar til að dæma í keppni þeirri sem fram fór.

Í keppnisreglum Hjólreiðasambandsins sem síðast voru endurskoðaður í júní sl, og birtar eru á heimasíðu sambandsins, kemur fram í kafla 1.7.8 að “Úrskurður yfirdómara er bindandi. Unnt er þó að kæra úrskurðinn til dómstóls ÍSÍ viku frá því að atvik átti sér stað.”

Þrátt fyrir þessa málskotsheimild hefur verið litið svo á af hálfu dómstóls ÍSÍ, að sé um að ræða ákvarðanir dómara keppninnar sem jafna má til ákvarðana dómara í kappleik, þ.e. þannig að hafi dómari tekið á atriði og kveðið upp úr með það á keppnisstað, þá komi það ekki til endurskoðunar dómstóls ÍSÍ.

Jafnvel þó fallast megi á það sjónarmið kæranda, að deila megi um hvort aksturslag hans hafi í raun truflað keppinaut hans í endaspáttinum, verður að mati dómstólsins ekki talið að dómstóll ÍSÍ sé bær aðili til að endurskoða niðurstöðu dómara á vettvangi um þetta mál. Bæði er það svo að svo virðist sem kærandi hjóli í veg fyrir keppinaut sinn í endaspáttinum, sbr. myndbandið sem liggur frammi í máli þessu, en einnig verður að telja að dómrarar á vettvangi hafi verið í bestri aðstöðu til að dæma um það, enda hafa þeir og sérþekkingu til þess. Breytir óljós vitnisburður Björgvins Pálssonar engu um þetta.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að þær keppnisreglur sem um þessa keppni gilda, séu afdráttarlausar varðandi heimild dómstóls ÍSÍ til að taka upp atriði sem augljóslega áttu undir dómara mótsins. Verður því talið að umþrætt háttsemi kærða, á 5. Criterion stigamóti HRI í Hafnarfirði þann 6. júlí sl., eigi ekki undir dómstól ÍSÍ, sbr. dómafordæmi í dómi dómstólsins í máli nr. 3/2016: Rúnar Örn Ágústsson gegn Guðmundi Róberti Guðmundssyni og með vísan til 36. gr. laga ÍSÍ.

Verður því að hafna kröfu kæranda.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Björnsson dómari í dómstól ÍSÍ, en aðilar fluttu mál sín sjálfir.

**Dómsorð:**

Kærði, Hjólreiðasamband Íslands, skal vera sýkn af kröfum kæranda, Björns Guðmundssonar, í máli þessu.

  
Ólafur Björnsson - dómari við dómstól ÍSI

(sign)

